



VESTURBYGGÐ

Vesturbyggð

Aðalstræti 63, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300. Bréfsími 456-1142

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti
c/o Hinrik Greipsson
Skúlagötu 4
150 Reykjavík

Vesturbyggð, 9.12.2015
1509018 ÁS

Efni: Byggðakvóti 2015-2016, sérreglur Vesturbyggðar.

Á 751. Fundi bæjarráðs Vesturbyggðar var bréf Atvinnuvegaráðuneytisins, dags. 2. September 2015 tekið fyrir varðandi byggðakvóta fiskveiðiársins 2015-2016. Niðurstaðan var eftirfarandi:

Lagt fram bréf dags. 20. október 2015 frá atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu varðandi umsókn um byggðakvóta fiskveiðiársins 2015/2016.

Bæjarráð Vesturbyggðar samþykkir samhljóða að við úthlutun byggðakvóta í Vesturbyggð (Patreksfjörður og Brjánslækjarhöfn) þá verði farið eftir reglugerð atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins nr. 605/2015 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2015-2016 með eftirfarandi breytingum:

- Brjánslækjarhöfn:

1. Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipt hlutfallslega, af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorsk-ígildisstuðla, í þorsk-ígildum talið, innan sveitarfélagsins á tímabilinu 1. september 2014 til 31. ágúst 2015.

2. Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan sveitarfélagsins á tímabilinu frá 1. september 2015 til 31. ágúst 2016.

- Patrekshöfn

Magnús Jónsson og Ásthildur Sturludóttir tóku ekki þátt í afgreiðslu málsins undir þessum málslið dagskrár og viku af fundi.

Bæjarráð gerir engar breytingar á reglugerðinni, nr. 605/2015.



Vesturbyggð

Aðalstræti 63, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300. Bréfsími 456-1142

- *Bíldudalshöfn*

Bæjarráð felur bæjarstjóra að sækja um frest til ráðuneytisins til 1. desember nk. um sérreglur varðandi úthlutun byggðakvóta á Bíldudal.

Samþykktar sérreglur fyrir Patreksfjörð og Barðaströnd breytast ekki frá fyrra ári.

Á 752. fundi bæjarráðs Vesturbyggðar sem haldinn var þann 8. Desember 2015, var tekið fyrir bréf ráðuneytisins, dags. 2. September 2015, varðandi umsókn um byggðakvóta fiskveiðiársins 2015-2016 og sérreglur fyrir Bíldudal. Niðurstaðan er eftirfarandi:

Lögð fram bréf dags. 20. október sl. frá atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu og svarbréf Vesturbyggðar dags. 10. nóvember sl. varðandi umsókn um byggðakvóta fiskveiðiársins 2015-2016.

Bæjarráð leggur til eftirfarandi breytingar á sérreglum fyrir úthlutun byggðakvóta á Bíldudal.

1 gr. b. liður:

b) Eru skráð í viðkomandi byggðarlagi 1. des. 2015.

4. gr.

Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipt hlutfallslega af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið á tímabilinu 1.- 30. nóv. 2015.

6. gr.

Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan hlutaðeigandi sveitarfélags á tímabilinu frá 1. september 2015 til 31. ágúst 2016.

Óskað er eftir að reglur vegna Bíldudalshafnar verði samþykktar með ofangreindum breytingum. Breytingarnar lúta að því að unnið er að uppsetningu á sérhæfðri fiskvinnslu á Bíldudal. Auk þess er lagt til að breyting verði gerð á 6. gr. til að nýta samlegðaráhrif af samstarfi við stærri vinnslu í sveitarfélaginu.

Virðingarfyllst,

Ásthildur Sturludóttir
Bæjarstjóri